

**Ed.**

**239. Frumvarp**

til laga um sölu á nokkrum hluta heimalands Auðkúlu í Svinadal.

Flutningsm.: Guðmundur Ólafsson.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands er heimilt að selja af landi Auðkúlu í Svinadal það, sem liggur fyrir sunnan Dældarhaus.

2. gr.

Um verð á landi þessu fer eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Greinargerð.

Land það, sem hér ræðir um, er mjó landspilda eftir háliálsi milli heimalanda jarðanna Litladals í Sléttárdal og Holts í Svinadal, svo og selland sunnan Litladalslands. Verður ekki séð, að Auðkúla geti notað sér þetta land, vegna fjarlægðar, og hefir ekki gert það mörg undanfarin ár, síðan fráfarur lögðust niður, enda heimaland jarðarinnar afarviðáttumikið, þó að þetta verði fráskilið. Hins vegar er beutiland þarna gott, og eftirspurn eftir þessu landi. — Viðkomandi sóknarprestur mælir með sölunni.